

## EES-samstarf: Tilskipanir

**Tilskipanir (directives)** beinast að aðildarríkjunum og eru bindandi á þann hátt að markmið með setningu þeirra verður að nást en ríkin ákveða sjálf hvernig að því er staðið.

Tilskipanir ESB á sviði mennta- og menningarmála, sem felldar hafa verið inní EES samninginn, eru:

- tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, [Directive 2007/65/EC](#)
- höfundarréttarmál: Directive 91/250/EEC, Directive 92/1000/EEC, Directive 93/83/EEC, Directive 93/98/EEC, Directive 96/9/EEC, [Directive 2001/29/EC](#), [Directive 2001/84/EC](#), [Directive 2004/48/EC](#)
- um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, [Directive 2005/36/EC](#)
- skil á menningarverðmætum. [Directive 93/7/EEC](#)

Á sviði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu starfa AMCD Contact Group og fleiri sérfræðingahópar, sem ræða nánari útfærslu tilskipunarinnar, enda gefur hún færi á talsverðum sveigjanleika.

Á sviði höfundarréttarmála eru tvær nefndir:

- Copyright Contact Committee for Directive 2001/29 ('InfoSoc')
- Copyright Contact Committee for Directive 2001/84 ('Droit-de-suite')

Til að framfylgja tilskipunum um gagnkvæma viðurkenningu prófréttinda starfa tvær nefndir:

- Nefnd um viðurkenningu prófskírteina (gr. 58 í tilskipun 2005/36/EC) (Committee on Mutual Recognition of professional qualifications)
- Tengiliðahópur um viðurkenningu prófskírteina (gr. 56 í tilskipun 2005/36/EC) (Group of Coordinators for the recognition of professional qualifications)

Auk þess: Contact Point (sbr. gr. 57 í tilskipun 2005/36/EC)